



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárn
1. janúar 1976

Góðir áheyrendur.

Ég óska yður öllum gleðilegs nýjárs og þakka samfylgdina á liðnu ári. Og að þessu sinni ætlast ég til að kveðja mín nái ekki aðeins til landa minna hér heima, heldur einnig til frænda vorra í Vesturheimi, sem á nýliðnu ári lögðu drjúgt af mörkum til að færa út íslenska menningarhelgi með þjóðhátíð sinni, rækt við sameiginlegar erfðir og höfðingsskap í garð fjölmargra íslenskra gesta. Ég veit að ófáir hér á landi munu taka undir með mér, þegar ég nú sendi þeim þakkir og árnaðaróskir vestur í fjarskann.

Áramótum má líkja við áningarstað, þar sem staldrað er við og hugað að hvernig ferðin sækist. Í dag munu menn ef til vill rifja upp, að liðnir eru þrír fjórðungar þessarar aldar, sem hefur fætt og fóstrað oss flest sem nú lifum. Drjúgur er sá spölu, en þó eru þeir menn enn í hópi vorum sem muna síðustu aldamót, muna inngöngu hinnar 20. aldar og þau hughrif sem þá gagntóku þjóðina og fengu mál í Aldamótaljóðum Hannesar Hafstein. „Dagur er risinn, árdegið kallar,“ þetta voru bjarkamálin sem íslensku þjóðinni gaf á að hlýða við rismál aldarinnar:

„Strjúk oss af augum nótt og harm þess horfna,
hniginnar aldar tárin láttu þorna.“

Á líkingamáli skáldsins er liðna öldin nótt að baki, en upphaf nýrrar aldar bjartur morgunn, dagskoma, og fram undan er dagurinn með fögur fyrirheit, en framur öllu mikið og gott starf, „Aldar á morgni vöknum til að vinna.“ Og það voru ekki neinir smámunir sem átti að koma í verk á þessum góða vinnudegi, ungu öldinni. Þó verður ekki með sanni sagt, nú þegar litið er um öxl, að hugsýn skáldsins hafi verið hillingar einar, glýja í augum manns sem ofmetur krafta sína að morgni dags. Síður en svo. Þetta mikla kvæði Hannesar reyndist að mörgu leyti spámannlegt orð, auk þess sem það var lofgjörð og herhvöt.

Og nú lifir aðeins fjórðungur þeirrar aldar sem Hannes Hafstein horfði fram til morgunlaður. Ef vér gerðum oss það að leik að fylgja eftir líkingu hans um öldina sem morgun og síðan dag mundi nú teljast kvöldsett og allskammt til nætur. Og kvöldi fylgir þreyta. Ef líkingamálið er látið eiga við mannheim allan, má trúlega með dæmum sýna að það standist merkilega vel. Það er einhver hausthugur í veröldinni, kominn kvöldúlfur í mannkynið. „Það bjargast ekki neitt, það ferst, það ferst,“ kvað Steinn Steinarr fyrir mörgum árum, og nú er sungið við sama tón á ótal þjóðtungum. Mennirnir eru óttaslegnir, þeir hræðast sjálfa sig fyrir að hafa getið fleiri afkvæmi en skaparinn ætlaðist til þegar hann bauð hinum fyrstu mönnum að vera frjósöm og margfaldast og uppfylla jörðina, þeir hræðast verk sín,

vítisvélar sínar sem sífellt verða fleiri og ægilegri, hræðast gegndarlausá soun á gæðum þessarar einu jarðar sem þeirra er. Svo segir ritningin einnig, að guð hafi boðið mönnunum að gera sér jörðina undirgefna og drottna yfir fiskum sjávarins og fuglum loftans og öllum dýrum sem hrærast á jörðinni. Mannkynið hefur vonða samvisku; það finnur að það hefur illa brugðist þessum trúnaði. Því er það nú, að dauðans angist grefur um sig bæði leynt og ljóst, því hvað er það annað en örvænting skuldaskilanna sem á sök á þeirri óöld sem nú gengur yfir og birtist í mörgum óhugnanlegum myndum víða um heim. Jafnvel meðal þeirra þjóða sem næstar oss eru og teljast til velmegunarþjóða er ekki allt með felldu; þar liggur í lofti kvíði og óvissa um framtíðarhorfur, atvinnu og afkomu. Berum orðum er sagt að heimurinn sé að komast á heljarþróm, einhvers konar dómsdagur sé í nánd. Ekki verður annað sagt en þetta sé allt heldur kvöldlegt og síst uppörvandi á að hlýða.

En hvort sem kallað er andvaraleysi og sjálfsblekking eða eðlisgróinn lífsvilji alls lifanda, sjálfsvörn lífsins, þá er það svo að innst inni trúá menn ekki slíkum illspám. Hvort tveggja er að menn eru ýmsum veðurhljóðum vanir, enda er manneskjan þannig af guði gerð að hún finnur sér undanfæri, hugsar sér líf eftir dauða, jörð úr ægi eftir ragnarök. Það væri að vísu blindur maður sem ekki sæi að mikil hörmung ríkir nú víða í heimi, en mannkynið heldur áfram vegferð sinni svo sem eigi það líf en ekki dauða fyrir höndum. Menn lifa í þeirri von að eftir þrengingar rofi nú til eins og jafnan áður, enda væri þá fokið í flest skjól í mannheimi ef menn gæfu upp vonina.

Ef til vill má með sanni segja að hugleiðingar á borð við þessar séu að því leyti hvorki á réttum stað né stundu fram bornar, að á voru landi sé engin uppgjöf um þessi áramót, hvað þá heldur örvænting. Þetta er vitaskuld rétt, svo er hamingjunn fyrir að þakka. En farnaður heimsbyggðarinnar er oss Íslendingum ekki óviðkomandi fremur en öðrum. Þjáningar og ranglæti, hvar sem það viðgengst, er mál allra manna, hvar sem þeir búa. Og örlög sjálfra vor ráðast á margan hátt af því sem yfir aðra gengur. Vandamál umheimsins sækja oss vissulega heim í ýmsum myndum. Svo er um hina efnahagslegu ringulreið, sem hrjáir margar þjóðir og aldrei ætlar að linna. Ekki höfum vér farið varhluta af henni, heldur hefur skuggi hennar grúft yfir öllu mannlífi í landinu í háa herrans tíð, svo að menn hafa varla séð til að gleðjast yfir öllu því sem áunnist hefur og til góðs horfir, og það er þó ekkert lítið. Þeir eru þreytandi til lengdar þessir umhleyplingar. Nú hefur það gerst um sinn, að margt leggst á eitt til að gera oss þungt undir fæti; það er kunnara en frá þurfi að segja og það munu stjórnmálamenn vorir nógsamlega útlista fyrir þjóðinni eins og rétt er og eðlilegt. Bati verður að koma og hann mun koma, en fari svo að hans verði að bíða enn um sinn, er einboðið að taka því með skynsemi og þrautseigju og leita bestu kostanna.

Eitt er að finna til þreytu og annað að gefast upp, og illa væri þá þessari kynslóð í ætt skotið ef hún gerði það, allrahelst ef það er rétt sem glöggir menn og kunnugir kennileitum þykjast sjá, að örðugasti hjallinn sé nú senn að baki. Stundum er sagt að Íslendingar séu óstýrlátir og sundurþykkir í velgengni, en að sama skapi úthaldsgóðir og samtaka þegar á móti blæs. Ef þetta er rétt er það sennilega afleiðing af því uppeldi sem þetta blessað mislynda land hefur veitt þjóðinni um aldir. Nú blæs í fangið að sinni, og þá er tækifæri til, og ber nauðsyn til, að láta á sjá að þetta sé orð að sönnu. Vissulega er heimilt að segja þeim mönnum hug sinn allan, sem til forustu hafa valist, enda væri synd að segja að það væri sparað. Þeirra er að sjá um fararbroddinn, og það er hvers manns réttur að hafa gát á úrræðum þeirra og atferli. En það kaupir engan undan þeim þegnskap að hafa um leið gát á

sjálfum sér. Hér þarf enga mittisól að spenna, hér er nóg handa öllum að bíta og brenna. Um hitt er að ræða að skipta svo sameiginlegum aflahlut þjóðarinnar að til jafnaðar horfi og svo þá góðu gömlu dyggð að fara vel með það sem hver og einn ber frá borði. Árið 1868 punktaði Bólu-Hjálmar þessi orð á blað:

„Vér lifum hér undir ofríki náttúrunnar, umflotnir af veraldarhöfum, og eigum undir höggi að framandi þjóðir færi oss árlega okkar lífsnauðsynjar, hverjar því heldur ættu að brúkast með sparsemi og forsjá, og forðast að selja frelsi vort fyrir neitt það sem vér getum vel án verið.“

Prédikun gerir víst litla stoð. En altént er það fróðlegt að leiða sér í huga Hjálmar skáld, snauðastan meðal snauðra í baðstofukytru sinni norður á Minniökrum, þar sem hann situr og krotar á blað þann texta, sem hittir samtíð vora svo markvíst, að margur landinn, sem nú liti í eigin barm í ljósi hans, mundi ekki komast undan að finna, að þar er til hans talað.

Ofríki náttúrunnar, það þekkjum vér vel og kunnum að taka því. Nú hefur enn einu sinni jörð brunnið og hótáð að bregða fæti fyrir bjargráð, sem eru lífsnauðsyn og kostað hafa of fjár. Um slíkt er ekki að sakast heldur sá einn fyrir hendi að snúast til varnar með þeim ráðum sem tiltæk eru. Glíma við eld og ís eru aðeins ein hlið þess að vera Íslendingur.

Ofríki manna, það þekkjum vér einnig, nú upp á síðkastið í mynd svonefndra þorskastríða. Þetta eru örlagatímar fyrir þjóð vora, og ef til vill á það eftir að sjást enn betur síðar, í ljósi sögunnar, en vér sjáum það nú. Þorskurinn var í merki íslensku þjóðarinnar um aldir og sómði sér vel. Segja má að hann sé það reyndar enn, ósýnilegur. Ég sagði fyrir í máli mínu að Aldamótaljóðin væru að mörgu leyti spámannleg. Þó er þar misbrestur á. „Auðlindir sjávar ótæmandi bruna,“ segir skáldið í texta vorum. Þessi ummæli eru sinna tíma tákni, en nú eru þau orðin að öfugmæli. Einmitt af því að auðlindir sjávar eru fjarri því að vera ótæmandi er nú einn angi af örvæntingarstríði jarðarbúa um lífsuppspretturarnar kominn hér heim undir bæjardyr hjá oss. Enginn Íslendingur heilsar svo þessu nýja ári að honum verði ekki hugsa til þess. Vér höfum neyðst út í ófrið við grannþjóð vora og gamla viðskiptaþjóð, sem vér viljum í raun og veru aðeins eiga góð og friðsamleg skipti við. Hér er komið í óvænt efni, en um það tjóar þó ekki um að fást, því að líf liggur við. Þessi nýjársdagur er að því leyti meiri tímamót en aðrir nýjárs dagar, að aldrei áður hefur þetta íslenska einkunnarorð verið viðlíka skýru letri skráð, svart á hvítu: fiska eða farast. Þetta er ágreiningslaust sammæli allra og í því felst ekkert vanmat á öðrum atvinnuvegum þjóðarinnar og ekki heldur það, að Íslendingar hafi þorskinn fyrir eins konar guð, eins og einhver útlendur maður komst að orði fyrir skömmu. Hitt er annað mál að þorskurinn er íslensk guðsgjöf. Vér getum tekið oss í munn orð Petters Dass í Noregi, sem sagði endur fyrir löngu: „Ef þorskurinn bregst oss, hvað bjargar oss þá?“ Þetta er hin mikla spurning dagsins, og ekki síður ef höfð eru á henni endaskipti: Ef vér bregðumst þorskinum, hver bjargar honum þá? Fyrir þann tvíeina málstað, sem þessar spurningar víkja að, eigum vér nú í stríði einu sinni enn. Fyrir þann málstað hætta vaskir íslenskir sjómenn lífi og limum, fyrir þann málstað kostum vér til fé og kröftum, sem næg önnur verkefni kalla á. Sá málstaður verður að sigra. Enn má vona að sigurinn megi vinnast með friði, en vinnast verður hann hvað sem í skerst, það blasir nú við oss í skæru ljósi. Síst þarf að lá neinum að hann sá ekki fyrir þremur aldarfjórðungum að auðlindir sjávar eru ekki ótæmandi. Augu sjálfra vor hafa einnig verið haldin að þessu leyti. Það er fyrst

nú, þegar komið er fram undir aldarkvöld, að vér sjáum nakinn sannleikann í þessu efni og gerum oss ljóst að við háskanum verður að snúast með snarræði og einurð, ef ekki á allt að verða um seinan.

Oft er það í koti karls sem kóngs er ekki í ranni. Þegar aldamótakvæðið mikla meгнаði ekki að leggja til hæfilega tilvitnun, kemur nafnlaus kátlegur kviðlingur hérna úr nágrenninu til bjargar og leggur oss orð á tungu:

Álftnesingurinn úti liggur og aldrei sefur,
dregur meira en drottinn gefur
dyggðasnauður maðkanefur.

Það er býsna skemmtilegt að þetta gamla vísutetur skuli geyma slíkt snjallyrði. Reyndar sagði vitur maður nýlega að hann þættist þekkja fingraför Jónasar Hallgrímssonar á vísunni, og þarf þá ekki að sökum að spyrja. En hvað er það að draga meira en drottinn gefur? Er það hið sama og vorir fyrstu foreldrar gerðu þegar þeir átu eplin af skilningstrénu? Menn vissu þegar í fornöld eða fundu á sér hvað þar lá við, og menn finna gjörla nú hvernig sú höfuðsynd brennur á baki að misnota eða hartnær gjöreyða þeim guðsgjöfum sem mennirnir þurfa til að halda lífi og þeim hefur verið trúað fyrir. Að draga meira en drottinn gefur, það er meðal annars að draga olíuna úr iðrum jarðar þangað til ekki er deigur dropi eftir. Það er sérhver eyðilegging á náttúrunni og lífi hennar. Það er líka að lifa um efni fram. Og það er margt og margt. Það er öll ofdirfð og sjálftekt andspænis þeim lögmálum himins og jarðar sem ekki má brjóta eða sniðganga ef líf og samfélag á að standast. Vér Íslendingar höfum verið harðleiknir við land vort og gróður þess. Og vér höfum ásamt öðrum dregið meira en drottinn gefur á fiskislóðunum kringum það, meira en það sem náttúran hefur undan að endurnýja. Þau met verðum vér sjálf að jafna með því að bæta ráð vort.

Við þjóð vorri blasa nú mörg og brýn úrlausnarefni, sum sem kenna má við hinn rúmhelga dag á líðandi tíð, önnur sem eru stefnuskrármál framtíðar, og þar ber það hæst sem ég hef vikið að hér og áreiðanlega er ofarlega í huga yðar sem mál mitt heyrið. Það verður verkefni vort á þessu ári sem nú hefur göngu sína, og þó enn meir þegar af er þessi vandræðatíð og betra ráðrúm verður til að einbeita sér, að finna og virða það meðalhóf milli verndar og nýtingar, sem eitt er sæmandi og eitt stýrir góðri lukku. Sú er ósk og von vor allra á þessum nýjársdegi að héðan í frá verði ræktun láðs og lagar í heiðri höfð, jafnframt því sem leitað verði allra tiltækra bjargræðisvega sem vaxandi þjóð er áreiðanlega mikil nauðsyn. Íslendingar eru að upplagi og uppeldi bjartsýnir og trúá framtíðina. Víst skelfur jörð í sumum héruðum og jarðeldar sjóða upp úr og eru til í allt. Víst er þorskastríð og víst er þröngt í sameiginlegu búi voru. Allt er þetta háskasamlegt, það væri barnskapur að dyljast þess. En í þjóðfélagi voru er líka mörgu góðu að hrósa, ef hið betra væri talið, og þjóðin er æðrulaus og að ég hygg í góðum hugum og tekur undir niðurlagsorð Aldamótaljóðanna: „Mun aftur morgna,“ nú þegar vér leggjum á síðasta fjórðungsáfang þessarar aldar, sem hefur fært oss flest það sem skáldið lét sig dreyma um.

Að svo mæltu óska ég öllum landsins lýð friðar og farsældar, styrks í starfi, gleði í leik og líknar í þraut.

Gleðilegt nýjár.